



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**2. fundur 2012 (27. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 26.04.2012 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Ásmundur Friðriksson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan
Friðþór Eydal	Isavia

**1. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**

Páll Svavar Pálsson hefur sagt sig úr skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar eftir að hann hætti störfum hjá Sveitarfélaginu Garði. Í stað hans hefur verið tilnefndur Ásmundur Friðriksson bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Garði.

**2. Skoðunarferð um Keflavíkurflugvöll**

Til fundarins mætti Friðþór Eydal upplýsingafulltrúi Isavia. Friðþór rakti sögu og þróun Keflavíkurflugvallar auk annarra flugvalla sem gerðir voru í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Að kynningunni lokinni var farið í skoðunarferð um Keflavíkurflugvöll og kynnti Friðþór helstu mannvirki á svæðinu.

**3. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður eigi síðar en föstudaginn 29.06.2012.

Fleira ekki gert, fundi slitið.